

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála.

1. gr.

Við tölustaf 34, staflíð g í skilgreiningum 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

- Undanþegnir reikningar samkvæmt g-lið teljast m.a. innlánsreikningar og váttryggingarsamningar að tilteknu peningavirði sem bera með sér litla hættu og samanlögð staða eða verðmæti viðskiptasambandsins er lægra en 1.000 bandaríkjadalar og:
 - Engar færslur hafa verið framkvæmdar af hálfu eða fyrir tilstuðlan viðskiptamannsins hjá fjármálastofnuninni á undanförunum þremur árum.
 - Reikningshafi hefur ekki verið í samskiptum við fjármálastofnunina á síðastliðnum sex árum.
 - Váttryggingarhafi hefur ekki verið í samskiptum við váttryggingafélag sem viðheldur váttryggingarsamningi að tilteknu peningavirði á síðastliðnum 6 árum.

Fjármálastofnun skal viðhafa reglubundið eftirlit með undanþegnum innlánsreikningnum og váttryggingarsamningum að tilteknu peningavirði.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, 13. gr., svohljóðandi:

Þeim fjármálastofnunum sem tilkynningarskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari er skylt að framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum samkvæmt III. kafla og afhenda ríkisskattstjóra tilskildar skýrslur í samræmi við 12. gr.

Um eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og málsmeðferð fer eftir því sem við á samkvæmt IX.-XI. kafla og um viðurlög samkvæmt XII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 4. mars 2024.

F. h. r.
Helga Jónsdóttir.

Guðmundur Skúli Hartvigsson.